

Nd.

60. Nefndarálit

[56. mál]

um frv. til laga um launamál o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Meiri hl. nefndarinnar (AJ, DÓ og SI) mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en tveir nefndarmenn (EÁ og SkG) tjá sig andvígá frv. og munu skila séráliti.

Fram að árinu 1960 hafði um nokkurra ára skeið ríkt mikið og vaxandi jafnvægisleysi í efnahagsmálum hér á landi, sem m. a. kom fram í halla á greiðsluviðskiptum við útlönd. Þetta jafnvægisleysi, sem var afleiðing stöðugar verðbólguþróunar, átti meginsök á því, að þrátt fyrir vaxandi framleiðslu útflutningsatvinnuveganna, sem við eðlilegar aðstæður hefði átt að leiða til verulegrar aukningar þjóðarteknanna og bættra lífsskilyrða alls almennings í landinu, þá varð niðurstaðan samt sem áður sú, að borið saman við flest nágrannalönd okkar höfðu lífskjörin hér á landi batnað mun hægar. Augljóst var, að það kerfi uppbóta og gjalda, sem verið hafði hér á landi um árabil, færði þjóðinni ekki það endurgjald fyrir erfiði hennar, sem hún átti kröfu til, heldur þvert á móti beindi það framleiðslunni æ meir í óheilbrigðar áttir og hindraði eðlilegan vöxt þjóðarteknanna.

Hámarki sínu náði þessi óheillaþróun undir lok ársins 1958 og er bezt lýst með orðum þáverandi forsætisráðherra, Hermanns Jónassonar, er hann sagði á Alþingi 4. des. það ár, þegar vísitalan hækkaði um 17 stig á einum mánuði, en áhrifum þess lýsti hann með þessum orðum: „Ný verðbólguvalda er þar með skollin yfir.“

Ríkisstjórn Alþýðuflokksins gat með bráðabirgðaaðgerðum þegar um áramótin 1958 og 1959 stöðvað hina öru verðbólguþróun og skapað skilyrði fyrir þeirri stefnubreytingu í efnahagsmálum, sem lengi hafði verið nauðsynleg, en nú var orðin með öllu óhjákvæmileg.

Á undanförunum fjórum árum hefur þessi stefnubreyting, sem birtist í efnahagsmálaaðgerðum núverandi ríkisstjórnar, leitt til ótvíræðs árangurs. Í stað stöðugs halla á greiðsluviðskiptum við útlönd hefur bæði 1961 og 1962 verið hagstæður jöfnuður í þessum viðskiptum. Í stað aukningar gjaldeyrisskulda hefur myndast gjaldeyrisforði. Verzlunin hefur að verulegu leyti verið gefin frjáls, í stað strangra innflutningshafta, sem áður voru, og létt hefur verið af margvíslegum hömlum á framkvæmdum. Hin breytta stefna leiddi til þess, að menn fengu aftur traust á hinu íslenska efnahagskerfi, sem leiddi m. a. til stórauðinnar sparifjármýndunar, og út á við var traust þjóðarinnar endurvakið.

Það var hins vegar augljóst, að jafnvægi gat ekki skapast og haldist í efnahagsmálunum, nema fylgt væri þeirri stefnu í launamálum, að laun hækkuðu ekki meir en vöxtur þjóðarframleiðslunnar og hækkanir á verði útflutningsafurða leyfðu. Á þessa grundvallarstaðreynd var æ ofan í æ minnt af ríkisstjórninni og samtök launþega og atvinnurekenda hvött til þess að byggja stefnu sína í launamálum á henni.

Því miður hefur ekki verið farið að ráðum ríkisstjórnarinnar í þessum efnunum, og þegar á árinu 1961 voru knúðar fram launahækkanir, sem voru langt umfram það,

sem vexti þjóðarteknanna nam. Þá var enn svo stuttur tími liðinn frá upphafi viðreisnaraðgerða ríkisstjórnarinnar, að árangur þeirra var ekki nema rétt að byrja að koma í ljós. Gjaldeyrisstaðan var enn mjög veik, og útflutningsatvinnuvegirnar höfðu ekki rétt við eftir verðfall þýðingarmikilla útflutningsafurða og slæma síldarvertið á árinu 1960.

Fyrirsjáanlegt var því, að fyrr en varði mundu hinar miklu launahækkanir leiða til hallarekstrar útflutningsframleiðslunnar, minnkandi framleiðslu og gjaldeyrisöflunar og þannig myndast greiðsluhalli við útlönd á nýjan leik. Hér stefndi því til ófarnaðar, ef ekki yrði að gert í tæka tíð. Við þær aðstæður, sem voru ríkjandi hér á landi á árinu 1961, var gengislækkunin í ágúst það ár óumflýjanleg og aðeins viðurkenning á því, að með hinum ótímabæru kauphækkunum var raunverulega búið að fella gengi krónunnar.

Leiddi gengislækkunin og fljótlega til þess, að jafnvægisástand skapaðist á nýjan leik, og var augljósasta sönnun þess, að gjaldeyrisforðinn hélt áfram að vaxa.

En þróunin í launamálum á árinu 1962 og það sem af er þessu ári hefur hins vegar orðið hin sama og áður.

Vegna þess, hversu árið 1962 var í alla staði hagstætt fyrir þjóðarbúskapinn, komu hin óhagstæðu áhrif þessarar þróunar ekki svo mjög fram þegar á því ári, en á þessu ári hefur það hins vegar orðið, og af þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, er ljóst, að þróunin hefur orðið mun óhagstæðari en búið hafði verið við.

Einkaneyzla hefur aukizt hér um bil helmingi meira en áætlað hafði verið, en þó virðist fjárfesting einkaaðila hafa aukizt enn þá örar. Á meðan þjóðartekjurnar hafa ekki aukizt nema um 4%, hefur samneyzla aukizt um a. m. k. 6% og fjárfestingin um 28%. Hin mikla aukning neyzlu og fjárfestingar hefur svo óhjákvæmilega komið fram í stórauðnum innflutningi. Til loka septembermánaðar varð aukning á innflutningi — án skipa — um 27%, miðað við 1962, en á sama tíma hafði útflutningurinn aðeins aukizt um 6%. Þetta leiðir aftur óhjákvæmilega til þess, að niðurstaða á greiðslujöfnuði við útlönd verður óhagstæð á árinu í stað þess að vera hagstæð tvö undanfarin ár.

Þensla í efnahagslífinu hefur vaxið hröðum skrefum undanfarna mánuði, og eftirspurnin eftir vinnuafli hefur farið langt fram úr því, sem hægt hefur verið að sinna. Nýir samningar um launahækkanir hafa verið gerðir með stuttu millibili, en auk þess hafa launagreiðslur umfram samninga aukizt.

Í kjölfar launahækkanna hafa svo siglt miklar verðhækkanir, fyrst og fremst vegna hins nána samhengis, sem er á milli launa í landinu og verðlags landbúnaðarvара. Þannig hafa orðið víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags ásamt stórkostlegri kröfugerð af hálfu flestra hagsmunahópa þjóðfélagsins.

Slík þróun, sem hér hefur orðið, hlaut fyrr eða síðar að leiða til þess, að sverfa tæki að útflutningsframleiðslunni, þar sem hún verður að selja afurðir sínar í harðri samkeppni við erlenda framleiðendur, og hækki framleiðslukostnaður íslenzkra atvinnuvega örar en hjá keppinautum í öðrum löndum, þá getur það ekki leitt til annars en þess, að þeir verði undir í samkeppninni, geti ekki selt framleiðslu sína og framleiðslustarfsemin stöðvist.

Í framsöguræðu sinni fyrir frumvarpi þessu gerði forsætisráðherra glögga grein fyrir þróuninni undanfarin ár og þeim athugunum, sem ríkisstjórnin hefur látið gera á efnahagsástandinu, en niðurstöður þeirra eru í stuttu máli, að útflutningsatvinnuvegirnar geti ekki staðið undir frekari kostnaðarhækkunum. Það jafnvægi, sem skipaðt hafði í efnahagslífinu, hefur nú raskast og misræmi skipaðt vegna launakapphlaups milli starfshópa og víxlhækkana kaupgjalds og verðlags.

Forsætisráðherra gat þess, að athuganir ríkisstjórnarinnar hefðu beint að því fyrst og fremst, hvort hægt væri enn að leiðrétta misræmið án svo róttækra aðgerða sem launalækkun eða gengislækkun væri. Taldi hann niðurstöðuna vera þá, að svo væri. Stefna og aðgerðir ríkisstjórnarinnar miðast því við það að tryggja

gengi krónunnar og að slíkt sé framkvæmanlegt, ef takast mætti að stöðva þá þenslu, sem nú ríkir í efnahagslífinu. Kemur hér gleggst í ljós sá mikli árangur, sem náðist í efnahagsmálunum á árunum 1960—1962, en það er einmitt hann, sem skapar grundvöll fyrir því, að þetta geti tekizt.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir launa- og verðlagsstöðvun til 31. desember næstkomandi.

Undanfarið hafa þeir atburðir gerzt, að kröfur hafa komið fram um miklar kauphækkanir og vinnustöðvanir verið boðaðar. Augljóst er, að ef orðið yrði við þeim kröfum, þótt ekki væri nema að hluta, væri hætt við því, að ókleift reyndist að leiðrétta það misræmi, sem skapazt hefði, án þess að breyta genginu. Með frv. er gert ráð fyrir um tveggja mánaða tíma til gaumgæfilegrar athugunar á þessum málum, og verður það að teljast mjög eðlilegt, þegar svo mikið er í húfi fyrir allt efnahagslíf í landinu. Slíkar aðgerðir hafa áður verið gerðar, svo sem t. d. er vinstri stjórnin í ágúst 1956 bannaði með lögum greiðslu 6 stiga vísitöluhækkunar á laun og setti auk þess um fjögurra mánaða skeið launa- og verðlagsstöðvun.

Jafnframt því að nauðsynlegum athugunum verði haldið áfram, hefur af hálfu ríkisstjórnarinnar því verið yfir lýst, að væntanlegar aðgerðir í efnahagsmálunum feli í sér kjarabætur þeim til handa, sem verst eru settir. Mun ríkisstjórnin því nota frestinn til gaumgæfilegrar athugunar á því, hvaða leiðir séu færar til að bæta kjör þeirra, sem lægst eru launaðir, án þess að það leiði til hækkana á verðlagi eða ofþyngi útflutningsframleiðslunni, og verði þannig um raunhæfar kjarabætur að ræða.

Við lítum því svo á, að öll skynsamleg rök mæli með því, að Alþingi veiti þann frest, sem frv. gerir ráð fyrir, til athugunar á því, hvaða leiðir komi hér helzt til greina til hagsbóta fyrir þá, sem verst eru settir.

Alþingi, 4. nóv. 1963.

Davíð Ólafsson,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Axel Jónsson.